

ingastofnun ríkisins vegna fráfalls sonarins, að fjárhæð kr. 9.400,00, ákveðast bætur til þeirra fyrir missi sonarins sem framfærandi kr. 25.000,00.

Um 2. og 3.

Liðir þessir sæta ekki andmælum, og verða þeir teknir til greina með kr. 4.000,00 ($\frac{2}{3}$ af kr. 5.400,00 + $\frac{2}{3}$ af kr. 600,00).

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 29.000,00 ásamt vöxtum eins og krafist er. Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, sem eftir atvikum ákveðst kr. 3.150,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Björnsson, greiði stefnanda, Ragnari Jónsyni vegna Jóns Jónssonar og Guðnýjar Aradóttur, kr. 29.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. nóvember 1954 til greiðsludags og kr. 3.150,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 11. maí 1959.

Nr. 140/1957. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn

Arthur Salter (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Fiskveiðibrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsins Þórs 6. júlí 1957 og markað á sjóuppdraetti staði togarans samkvæmt þeim mælingum. Reyndist staður togarans um 0,5 sm. innan fiskveiðimarka kl. 07.25,

um 0,4 sm. innan fiskveiðimarkanna kl. 07.31. Staður dufls þess, sem varðskipið lagði út í kjölfar togarans kl. 07.50, reyndist samkvæmt mælingu varðskipsins kl. 08.58 rétt utan við fiskveiðimörkin.

Varðskipið Þór gaf ákærða bendingu um að nema staðar með flaggmerki kl. 07.30 og með hljóðmerki kl. 07.46. Samkvæmt vætti og mælingum varðskipsmanna sigldi togari ákærða út frá landi frá því kl. 07.25 og til 07.48, er varðskipið nam staðar um skipslengd frá togaranum og í kjölfari hans. Þá er varðskipið kom að togaranum kl. 07.48, var hann með stjórnborðsvörpuna í sjó, og reyndist lifandi fiskur í vörpunni, er hún var innbyrt. Varðskipið setti kl. 07.50 dufl út á þeim stað, þar sem það nam staðar kl. 07.48. Mældist duflstaðurinn rétt utan við fiskveiðimörkin. Samkvæmt því, er rakið var, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna. Ákærði hefur því gerzt sekur við 1., sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin kr. 100.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6.000,00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Salter, greiði kr. 100.000,00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 6.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórðar Eyjólfssonar hæstaréttardómara í framan- greindu máli.

Ég tel laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti hæfilega ákveðin kr. 4.500,00 til hvors. Að öðru leyti er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu hæstaréttardómsins.

Dómur sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu 9. júlí 1957.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, út gefinni af dómsmálaráðuneytinu í dag, á hendur Arthur Salter, skipstjóra á botnvörpunum Loch Oskaig, H 431, frá Hull, til heimilis Hull, Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkv. 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara milli kl. 07.00 og 08.00 laugardaginn 6. júlí 1957 út af Svínalækjartanga við Þistilfjörð innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952, — til vara fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkv. 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa við ofangreint tækifæri ekki haft veiðarfæri í búlka innan borðs.

Ákærist því nefndur Arthur Salter til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27/4 1918 í Englandi. Hann hefur ekki áður, svo að kunnugt sé, sætt ákæru né refsingu fyrir landhelgisbrot hér við land.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór var varðskipið á eftirlitsferð á leið austur yfir Þistilfjörð. Kl. 07.15 sást togari, er virtist grunsamlega nálægt Svínalækjartanga, og reyndist þetta vera togarinn Loch Oskaig, H 431, frá Hull. Varðskipið sigldi síðan í átt til togarans.

Kl. 07.25 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Togari	>	14° 20'
Langanestá	>	63° 03'
△ Gunnólfsvíkurfjall	>	49° 21'
△ Viðarfjall		

Fjarlægð í togara 4,7 sjóm., er gefur stað hans 0,6 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna, að því er í skýrslunni segir.

Kl. 07.30 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 07.31 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Togari	>	17° 17'
Langanestá	>	65° 03'
△ Gunnólfsvíkurfjall	>	48° 15'
△ Viðarfjall		

Fjarlægð í togarann var 3,1 sjóm., er gefur stað hans 0,5 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 07.46 var blásið stöðvunarmerki. Kl. 07.50 var dufl sett út í kjölfar togarans Loch Oskai, H 431, og var hann með stjórnborðsvörpuna í sjó. Kl. 08.05 var bátur settur út á varðskipinu og skipstjóri togarans, sem er ákærði í máli þessu, sóttur, og var þá verið að taka vörpuna inn á togarann, og var lítills háttar af fiski í pokanum. Kl. 08.58 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við dufl varðskipisins Þórs:

Langanestá	>	66° 24'
△ Gunnólfsvíkurfjall	>	44° 32'
△ Viðarfjall		

Dýpi var þarna 90 metrar, er gefur stað duflsins á línu fiskveiðitakmarkanna.

Eftir þetta var haldið að óþekktu dufli frá útlendum togara, en ekki kvaðst ákærði eiga það. Var staður duflsins kl. 09.42:

Langanestá	>	71° 31'	Dýpi 84
Læknisstaðir	>	46° 39'	metrar,
△ Viðarfjall			

sem gefur stað duflsins 1,1 sjóm. innan fiskveiðitakmarkanna.

Samkvæmt skýrslunni hafði skipstjóri togarans haldið því fram, að hann hefði stöðvað skip sitt kl. 07.10, og hefði áður nefnt dufl miðast þá í VSV fjarlægð ca. 0,4 sjóm., síðan hefði skip hans legið kyrrt, þar til hann hefði kastað vörpunni, en því hefði verið lokið kl. 07.40. Ákærði fylgdist með mælingum við bæði duflin. Vindur var mjög lítill eða SA3 og straumur lítill.

Að þessu athuguðu þótti öruggt, að togarinn hefði verið á landhelgisvæðinu, frá því að hann sást fyrst kl. 07.15, þar til

duflið var sett út í kjölfar hans kl. 07.50. Ákærða var síðan tilkynnt, að farið yrði með hann til dómara til frekari rannsóknar. Var dufl varðskipins síðan tekið upp, skipstjóri fluttur um borð í skip sitt og haldið til Akureyrar kl. 11.28 og komið þangað kl. 22.15. III. stýrimaður og annar maður af varðskipinu voru í togaranum á leiðinni. Skipherrann á varðskipinu Þór hefur borið eftirfarandi: Þegar togarinn sást fyrst, hafði hann stefnu út frá landi. Skömmu síðar hafi hann snúið, er hann var á milli staðanna, sem merktir eru I og II á kortinu, og sagði skipherrann það vera álit sitt, að togarinn hefði þá verið að kasta vörpunni.

Þegar varðskipið kom að togaranum, var togarinn með stjórnborðsvörpuna í botni. Varðskipið sigldi þannig að togaranum, að það stefndi svo nálægt fyrir aftan hann, að skipherra sagði, að það hefði verið of nálægt, ef togarinn hefði verið að hífa, og stöðvuðu þeir varðskipið þarna kl. 07.48 og biðu svo í tvær mínútur til að vera öruggir um, að „trollið“ væri komið undan, og settu svo niður baujuna, og var kl. þá 07.50, og tók hann fram, að ekki hefði þetta tekið nema augnablik. Strax að þessu loknu sigldu þeir að togaranum og kölluðu til hans í hátalara. Um niðursetningu baujunnar hefur skipherra borið í tilefni af framburði ákærða, að fjarlægðin frá varðskipinu, þar sem það stöðvaði togarann, þegar þeir komu að honum, hafi ekki verið nema um 40—50 m eða um skipslengd.

Var þá lagt fyrir hann að taka upp vörpuna. Þegar varpan kom upp, sáu þeir, að lítils háttar fiskur var í henni, og sagði togaraskipstjórinn, að það hefði verið um ein til tvær körfur.

Þá hefur skipherrann bent á, að vera megi, að bauja sú, sem merkt er B á sjókortinu og reyndist vera 1,1 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna og skipstjórinn kvaðst ekki eiga, hafi villt hann, og bendir það til þess, að svo hafi verið, að hann sagði, að Svínalækjartangi hefði verið í SSV, fjarlægð 5 sjómílu, en sjálfur hefði hann þá verið 0,4 sjómílu frá duflinu, og miðaðist þá duflið í VSV.

Skipherrann hefur einnig skýrt svo frá, að það hafi verið I. og II. stýrimaður varðskipins, sem gerðu allar staðarákvarðanir, en sjálfur hafi hann fylgt með þeim. Allar mælingar voru gerðar með sextant, og skyggni hafi verið mjög gott. Fjarlægðin í tangann var gerð með ratsjá. Skipherrann hefur skýrt svo frá, að skipsklukkan hafi verið leiðrétt að jafnaði daglega eftir tímamerkinu í brezka útvarpinu.

Vitnið Sigurður Þorkell Árnason, I. stýrimaður á varðskipinu Þór, hefur borið eftirfarandi: Hann kveðst hafa gert allar mælingar ásamt II. stýrimanni og skipherra. Vitnið segir, að fyrst er sást til togarans, hafi hann verið á mjög hægri ferð og haft stefnu sem næst í norður, en snúið á milli þess, er þeir tóku fyrstu og aðra staðarákvörðun. Þegar varðskipið kom að togaranum, var stjórnborðsvarpan úti og vírarnir aftur með síðunni, en ekki voru þeir í togblökkinni. Þeir settu þá út bauju í kjölfar togarans eins nálægt honum og þeir þorðu vegna vörpunnar. Þegar varpan var dregin inn, sá vitnið, að svolítill fiskur var í pokanum. Gizkaði ákærði á, að það væri um tvær körfur. Vitnið segir, að skyggni hafi verið gott og öll skilyrði til mælinga góð.

Vitnið Kristján Sveinsson, II. stýrimaður á varðskipinu Þór, hefur skýrt svo frá, að er þeir komu að togaranum, hafi hann verið með stjórnborðsvörpuna úti, en ekki hafi togvírarnir verið slegnir úr blökkinni. Þegar varpan kom upp, sá vitnið, að dálítill fiskur var í pokanum. Vitnið segir, að skyggni hafi verið gott og allar aðstæður til mælinga hafi verið góðar. Vitnið skýrir einnig svo frá, að þegar það hafi fyrst séð til togarans, hafi stefnan verið dálítið vestan við norður, en svo virtist því hann beygja tvisvar til austurs, fyrra sinnið lítið, síðara sinnið meira, og hafi stefnan verið eftir það nálægt því í réttvísandi norður. Hins vegar segir stýrimaðurinn, að hann hafi ekki verið stöðugt í brúnni, svo að ekki sé öruggt, að hann hafi fylgzt með öllum stefnubreytingum togarans.

Vitnið Benedikt Hans Alfonsen III. stýrimaður hefur skýrt svo frá: Hann kveðst ekki hafa verið uppi, þegar fyrst sást til togarans, en komið upp, meðan verið var að sigla að honum, og verið í brúnni eftir það, þar til báturinn var settur niður. Þegar vitnið sá fyrst til togarans, er það kom upp kl. 7.40, stefndi hann til lands, en beygði svo til hafs með stefnu nálægt norðri. Þegar þeir nálgudust togarann, sagði hann, að stjórnborðsvarpan hefði verið í sjónum, en taldi, að þeir hefðu þá ekki verið að toga, því að vírarnir hefðu ekki verið í togblökkinni. Vitnið fór svo í léttibátnum í togarann. Varpan hafði þá verið dregin inn, og lá pokinn ófráleystur á þilfari, og voru í honum 2—3 körfur af lifandi fiski.

Ákærði hefur stöðugt neitað að vera sekur og borið eftirfarandi:

Hann kveðst hafa verið nýkominn upp að landinu til fiskveiða.

Fyrst hafi hann kastað vörpunni austur af Hvalbak, en fengið þar svo að segja engan afla. Hélt hann þá norður fyrir land og fór norður fyrir Langanes um kl. 6 að morgni hinn 6. þ. m. Kl. 07.10, segir hann, að vél skipsins hafi verið stöðvuð, en skriður hafi þá verið á skipinu, og hafi það svo rekið í ca. NNV þar til kl. 07.45. Þó hefur hann viðurkennt að hafa sagt við yfirmenn varðskipsins, að hann hafi sett í gang um kl. 07.40. Kl. 07.10 eða þegar stöðvað var, segir hann, að skipshöfnin hafi farið til morgunverðar og komið aftur á þilfar kl. 07.30, og var þá strax farið að undirbúa að kasta vörpunni, en hann kveður veiðarfærin þá hafa verið búlluð. Á þessum tíma kvaðst hann hafa mælt fjarlægðina í Svínalækjartanga með ratsjá, og hafi hún reynzt 6 sjómílur. Kl. 07.45 kveður hann „trollið“ hafa verið komið útbyrðis, og beygði þá togarinn til stjórnborða og kastaði til norðurs og slakaði út vírunum.

Þegar varðskipið kom að togaranum, kvaðst ákærði hafa verið að snúa skipinu til að fá „trollið“ rétt fyrir. Varpan hafi þá ekki verið komin til botns, þar eð ekki hafi verið komnir út nema 25 faðmar af vírunum. Þegar búið var að taka beygjuna og stefna til norðurs, var slakað á togvírunum.

Ákærði kvaðst ekki hafa séð, er varðskipið setti baujuna niður, en er varðskipið fór fyrir aftan hann, gizkaði hann á, að 1—2 tíundu hlutar úr mílu hafi verið milli skipanna. Eftir að varðskipið hafði sett út baujuna, sagði ákærði, að togarinn hefði sigið út um hálfa sjómílu, og hafi þá verið búið að slaka út 200 föðmum af togvír, þegar hann stanzaði, og hafi hann þá byrjað að draga inn „trollið“. Ákærði hefur haldið því fram, að ekki hafi verið búið að setja í togblökkina, þegar varðskipið kom að þeim, en það hafi verið gert eftir það.

Eins og áður greinir, hefur ákærði stöðugt neitað að hafa verið að ólöglegum veiðum í greint sinn, en ekki hefur hann þó vefengt staðarákvarðanir varðskipsmanna og hefur viðurkennt að hafa verið við, þegar staður baujunnar var settur út, og einnig hefur hann viðurkennt, að þegar baujan var sett niður, hafi klukkan verið 07.50.

John Henry Brown, stýrimaður á togaranum Loch Oskaig, segir, að þeir hafi ekki hreyft við veiðarfærunum fyrr en kl. 07.30, er þeir höfðu lokið morgunverði. Hann kvað það ekki hafa tekið lengri tíma en 8—10 mín. að koma veiðarfærunum í sjóinn, þar sem öll skilyrði til þess hafi verið sérstaklega góð. Þá hefur hann haldið því fram, að þegar varðskipið skar kjöl-

far togarans, hafi þeir verið að slaka út vírunum, en því hafi ekki verið lokið, þegar þeir komu, en alls hafi þeir slakað út 200 föðum. Hann hélt því fram, að togvírinn hefði ekki verið settur í blökkina, fyrr en varðskipið kom að þeim fyrst.

Percy Alfred Coulman, bátsmaður á togaranum, hefur skýrt svo frá, að þeir hafi ekki hreyft veiðarfærin fyrr en kl. 07.30. Þeir hefðu þá farið að undirbúa að kasta, og hafi það tekið 7—8 mínútur að koma vörpunni í sjóinn. Þegar búið var að snúa skipinu, var vírunum slakað út. Hann segir, að togvírinn hafi verið tekinn í blökkina, en ekki hafi liðið meir en 5—10 mín., þar til skipað var að slá úr henni aftur. Hafi varðskipið þá verið komið til þeirra.

Harold Richardson, skipverji á togaranum, hefur borið, að ekki hafi verið hreyft við veiðarfærum fyrr en kl. 07.30. Hann segist hafa sett togvírinn í blökkina og gizkar á, að klukkan hafi þá verið um 07.45—07.50. Hann kveðst telja, að varðskipið hafi þá verið fyrir aftan þá. Ekki kvað hann hafa liðið meira en 5—10 mínútur, þar til vírarnir voru aftur slegnir úr blökkinni.

Thomas William Muse, I. vélstjóri á togaranum, hefur skýrt svo frá, að hann hafi komið á vakt kl. 07.30. Kl. 07.40 hafi verið gefin skipun um að setja vélina af stað, fyrst hæga ferð, síðan hálfa ferð og loks fulla ferð. Stöðvunarmerki hafi verið gefið um kl. 07.50—08.00. Vélstjórinn tók það fram, að hann hefði haft klukku, en ekki fylgzt nákvæmlega með henni.

Skipverjar ákærða fylgdust ekki nákvæmlega með klukku, og er framburður manna á togaranum yfirleitt óljós og meira og minna mótsagnakenndur. Enginn þeirra virðist hafa fylgzt með ratsjarmælingum ákærða.

Skipherra varðskipsins og I. og II. stýrimaður þess hafa allir staðfest framburð sinn með eiði og allir borið, að mjög góð skilyrði hafi verið til staðar á kvarðana. Skýrslu III. stýrimanns var ekki mótmælt að neinu leyti.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, má telja eftirfarandi atriði sönnuð: Ákærði fer vísvitandi inn fyrir línuna og stöðvast þar, að því er reyndist, til veiða. Hann fer svo að hefja veiðundirbúning án þess að ganga örugglega úr skugga um, að hann væri ekki innan við línuna. Skipherra og I. stýrimaður álíta, að togaranum hafi verið snúið til að rétta vörpuna milli kl. 07.25 og 07.31, og má það teljast líklegt. En þótt það teljist ekki öruggt, þá má telja það nægilega upplýst með játningu ákærða, sem styðst m. a. við vitnisburð I. vélstjóra,

að sett hafi verið í gang til að snúa skipinu og hefja togveiðar kl. 07.40, en um eða upp úr kl. 07.30 var byrjað að setja vörpuna í sjó. Jafnframt er sannað með eiðsvörnum framburðum yfirmanna varðskipsins, að baujan var sett svo að segja alveg við skut togarans, og sömu menn hafa borið og ákærði viðurkennt, að klukkan hafi þá verið 07.50. En staður baujunnar reyndist vera alveg á línu fiskveiðimarkanna. Rétturinn lítur því svo á, að fyllilega sé í ljós leitt, að ákærði hafi framið veiðiaðgerðir innan friðunarlínunnar, er falli undir ákvæði 1. greinar laga nr. 5/1920. Hefur ákærði þannig brotið í bág við ákvæði þau, er greinir undir aðalkröfunni í ákærinni. Samkvæmt refsíákvæðum þeim, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, sem samkvæmt mælingarbréfi er 534,47 brúttó-smálestir, og með tilliti til núverandi gengis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000,00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Enn fremur ber að dæma, að allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Loch Oskaig, H 431, verði upptæk ger til Landhelgissjóðs Íslands. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kváðu upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti, og meðdómsmennirnir Gísli Eyland og Þorsteinn Stefánsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Arthur Salter, greiði 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Loch Oskaig, H 431, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.